



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

### **Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um Laugarásveg og öryggismál götunnar**

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 6. september 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

*Nú hafa all margar ábendingar borist til borgarinnar vegna öryggisatriða á Laugarásvegi en foreldrar hafa einfaldlega ekki verið að fá skýr svör. Búið er að staðfesta að mála þarf merkingar á götuna aftur en ekkert bólar á slíkri vinnu enn. Það eru heldur engar aðrar merkingar komnar og vill fulltrúi Flokks fólksins því enn og aftur spyrjast fyrir um málið enda gatan í raun stórhættuleg börnum. Laugarásvegur sker sig mjög úr verandi svona löng auk þess sem hún tengir saman tvö hverfi. Fulltrúi Flokks fólksins vill fá skýr svör því við þessa götu búa tugir barnafjölskyldna. Byrgja þarf brunninn áður en barn fellur í hann.*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar þann 20. september 2023.

Svar:

Laugarásvegur er innan 30 km/klst svæðis. Allt frá því að fyrstu svæðin voru gerði í Reykjavík á 9. áratugnum, hafa þau verið merkt með svæðismerkingu. Það felur í sér að umferðarmerki, í samræmi við reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra eru við upphaf og lok viðkomandi svæðis. Ekki er mælt með því að hafa slík skilti á öðrum stöðum. Yfirborðsmerkingar eru notaðar til áminningar innan svæðis. Yfirborðsmerkingar í götu eru innan 30 km/klst svæðisins í Laugardal, þar á meðal á Laugarásvegi og eru þær endurmálaðar reglulega.

Lögreglan hefur mælt hraðann á Laugarásvegi nokkuð reglulega, síðast 2019, 2021 og 2022. Meðalhraði brotlegra er 42-45 km/klst og hraðast ekið á 51-59 km/klst.

Þegar hámarkshraði var lækkaður á Laugarásvegi voru á sama tíma gerðar nýjar upphækkanir og upphækkanir sem voru fyrir lagaðar. Ekki eru fyrirhugaðar frekari aðgerðir þar að svo stöddu.

Virðingarfyllst,  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
samgöngustjóri